

Nd.

120. Nefndarálit

[67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur eðlilegast, að efni þess sé sett með bráðabirgðaákvæði í lög nr. 33 frá 1955. Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. 1. gr. orðist svo:

Aftan við lög nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

Ákvæði til bráðabirgða:

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttar stjórnarvalda á þeim.

Frá því að nýja fasteignamatið gekk í gildi og þar til nýjar reglur hafa verið settar um slík gjöld til sveitarsjóða, skal innheimta þau á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldri fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því. Gjöld eftir eldri reglum má innheimta með álagi samkvæmt því, sem ákveðið var í lögum nr. 29/1952.

b. 2. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1958.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyt. á þeim lögum, eru úr gildi felld.

Alþingi, 9. des. 1957.

Skúli Guðmundsson,	Emil Jónsson,	Einar Olgeirsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Jóhann Hafstein.	Ólafur Björnsson.	